



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á heimsþingi esperantista
Reykjavík
21. júlí 2013**

Hugsjónin um samfélag allra, sköpun og tjáningu óháð uppruna eða þjóðerni hefur fylgt esperanto frá upphafi, gert hreyfinguna að bandalagi í þágu friðar og mannúðar.

Á nýrri öld hefur tæknin opnað margar víddir í veröldinni, tengir fólk saman þvert á landamæri, úr öllum álfum, breytingar sömu ættar og baráttan fyrir framgangi esperanto.

Nýir tímar fara því í hönd, tækifærin til að ná árangri fjölþættari en nokkru sinni.

Heimsþing esperantista, sem nú er haldið í Hörpunni, er kjörinn vettvangur til að horfa til framtíðar um leið og við hyllum hið merka starf sem unnið hefur verið í þágu esperanto.

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin til þings og óska hreyfingunni farsældar á komandi árum.